

## Um fagháskólanám

### Texti úr kynningu formanns málefnaþóps um vinnumarkað framtíðar

Á tímabilinu hafa verið tekin nokkuð markviss skref til uppbyggingar á fagháskólanámi. Sérstakur verkefnishópur um fagháskólanám skilaði niðurstöðu sinni og setti fram tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra um fagháskólanám í september 2016. Fulltrúi BSRB í hópnum var Birna Ólafsdóttir frá Sjúkraliðafélagi Íslands.

Það var tillaga hópsins að sett yrði á laggirnar þróunarverkefni og að minnsta kosti fimm mismunandi námsleiðir yrðu skilgreindar til þróunar og innleiðingar og var þeim ætlað að verða fyrirmynd almenns fagháskólanáms varðandi form náms og innihald.

Þá var lagt til að ráðherra skipaði formlegan samráðsvettvang; samstarfsráð um háskólanám sem hefði það að markmiðið að skilgreina frekar markmið með þróunarverkefnum, leggja fram tillögu um kostnað og fjármögnun fagháskólanáms til framtíðar, leggja fram tillögur um hvaða nám verði fagháskólanám geti farið af stað árið 2017 og 2018 á grundvelli greiningar og forgangsröðunar atvinnulífsins í samráði við háskóla framhaldsskóla og aðrar menntaveitur og að vinna að skilgreiningu á raunfærnimati á háskólastigi og gera tillögu að innleiðingu þess.

Þá var að lokum lagt til og undirrituð viljayfirlýsing þess efnis að ríkið og atvinnulíf (BSRB, ASÍ og SA) stofni sameiginlegan þróunarsjóð til að fjármagna þróunarverkefnin en um væri að ræða einskiptisaðgerð.

Ráðherra skipaði samstarfsráð um fagháskólanám en vinna þess fór ekki af stað með fullnægjandi hætti vegna ágreinings um verkefni samstarfsráð og þess að mennta- og menningarmálaráðuneytið taldi sig ekki hafa heimild til að stofan þróunarsjóð líkt og ráð var fyrir gert.

Skemmst er frá því að segja, að mennta- og menningarmálaráðuneytið ákvað, í trássi við orðalag viljayfirlýsingar, að úthluta þeim 100 milljónum króna sem áttu að vera framlag ráðuneytisins í þróunarsjóð til allra háskóla á landinu.

Þannig gafst þeim tækifæri til að sækja um styrk um þróunarverkefni sem unnin yrðu í samstarfi við fagfélög. Það varð úr að SLFÍ sótti um styrk ásamt Háskólanum á Akureyri til þróunar fagháskólanáms í öldrunarhjúkrun og félag lækna ritara sem er fagfélag í SFR sótti um styrk ásamt Háskóla Íslands til þróunar fagháskólanáms í heilbrigðisgagnafræði.

Mennta – og menningarmálaráðherra boðaði til fundar í maí 2018 með fulltrúum atvinnulífs, allra háskóla og annarra sem hafa komið að vinnu við fagháskólanám. Þar lagði mennta- og menningarmála ráðherra fram minnisblað þar sem eftirfarandi var lagt til:

- a. Samstarfsráð lagt niður en nýtt skipað þar sem meginverkefnið verði að nýta þróunarverkefni til að þróa frekara starfsnám í háskóla.
- b. Skipuð verði 3-5 manna verkefnastjórn sem vinni tillögur varðandi framtíðarfyrirkomulag starfsnáms á háskólastigi, móti tillögur og skoða raunfærnimat.
- c. Óskað verði eftir uppfærðri áætlun um þróunarverkefni.
- d. Veitt verði sérstöku fjármagni til að flýta fyrir samstarfi háskóla um raunfærnimat fyrir háskólastigið.

Ásamt framangreindu er rétt að fram komi að SFR hefur í samstarfi við Starfsmennt og Háskólann á Bifröst þróað fagháskólanám fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga sem er kallað diplómanám í opinberri stjórnsýslu.

Niðurstaða verkefnishóps um fagháskólanám September 2016 Tillaga til mennta- og menningarmálaráðherra

<https://www.bsrb.is/static/files/Ymis-skjol/nidurstada-verkefnishops-um-faghaskolanam.pdf>